

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1137 Arctic Smolt hf.	Norður-Botn 460 Tálknafjörður	Bjarki Sigurvinsson Viðhalds- og tæknimaður			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	3.6.2024	7.6.2024	54	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 10 skoðunatriða af 13. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 8 skoðunatriðum, þar af 6 Alvarleg frávik og 2 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva	
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)	
5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)	
5.1.6 Innri úttektir - sannpröfun (rekstarleyfi>20.tonn)	

#### Niðurstaða eftirlits

Tilkynning barst um stök úr seiðastöðinni að Norður-Botni þann 24. maí 2024. Atvikið átti sér stað að kvöldi til þann 23. maí. Í kjölfar tilkynningarinnar tók Matvælastofnun málið til rannsóknar og óskaði eftir frekari upplýsingum. Þau svör gáfu tilefni til frekari athugana og var þá tekin ákvörðun um að fara í óboðað eftirlit á staðinn til að staðfesta grun stofnunarinnar.

Eftirlitsmenn, Vigdís Sigurðardóttir og Jónína Guðmundsdóttir, komu í seiðastöðina kl 13:00 þann 3. júní og gengu um stöðina. Enginn stjórnandi var á staðnum en vaktmaður neitaði að ganga með eftirlitsmönnum.

Viðhalds- og tæknimaður gekk með eftirlitsmönnum um stöðina. Eftirlitsmenn báðu viðhalds- og tæknimann um að hringja í stjórnendur og láta vita af komu þeirra en hann neitaði.

Skoðaðar voru allar ristar á gólfi í húsum H1 og H3 auk þess sem brunnar í miðju húsanna voru skoðaðir og öll eldisker. Gengið var að frárennsli stöðvarinnar og aðstæður við frárennslið athugaðar. Í ljós kom að tvær ristar á gólfi voru ekki með vörnum og víða voru varnir of litlar svo mögulegt er að færa þær auðveldlega til. Þessar varnir voru settar í gólfniðurföllin eftir atburðinn þann 23. maí sl. Það er ljóst að seiði höfðu greiða leið út úr stöðinni í gegnum niðurföll við ker. Frárennslið var ekki útbúið með stök vörnum og greið leið fyrir seiði út á leirur. Gengu eftirlitsmenn um leirur og að ósum Botnsár sem er í grennd og athuguðu seltustig á vatni í fjöru. Á þessum tíma var fjara og reyndist vatn þá vera án salts á öllu svæðinu. Síðar sama dag mættu eftirlitsmenn á aðfalli og athuguðu seltustig og reyndist vatn enn vera án salts í grennd við stöð enda Botnsá í vorleysingum og vatnsmagn mikið í ánni.

Í lok eftirlits, klukkan 13:56, hringdu eftirlitsmenn í stöðvarstjóra og upplýstu um eftirlitið, þá hafði hún fengið upplýsingar um komu þeirra. Óskað var eftir gögnum sendum í tölvupósti samdægurs sem hún varð við. Jafnframt boðuðu eftirlitsmenn komu sína kl 8 daginn eftir, þá með 14 klst fyrirvara og hún svaraði að það væri velkomið.

Við úrvinnslu innsendra gagna, m.a. atvikaskráningu kom fram að lifandi seiði hefðu sést utan við frárennsli stöðvarinnar en það hafði ekki verið tilkynnt til Matvælastofnunar. Fram kom að skráningar í gæðakerfi vegna eftirlits starfsmanns umrætt kvöld væru ekki til þar sem skráningarform hafi verið óvirkt í einhvern tíma og ekki hafi verið hægt að framkvæma skráningu.

Þann 4. júní mættu eftirlitsmenn kl. 8:00 að Norður-Botni en enginn starfsmaður var sjáanlegur til þess að taka á móti eftirlitsmönnum. Þá var hringt í stöðvarstjóra og hún upplýsti að það væri starfsmannafundur í

gangi og að einhver kæmi eftir 5 mínútur. Tekið var á móti eftirlitmönnum kl 8:15 og fór þá annar eftirlitsmaður inn í hús H3 í fylgd starfsmanns sem sinnir daglegum störfum. Starfsmaður hjálpaði eftirlitsmanni með slöngu og fór svo að sinna sínum störfum. Eftirlitsmaður helti 100 ml af rauðum matarlit ofan í niðurfall við ker A1 og skolaði á eftir með köldu vatni. Því næst fylgdist eftirlitsmaður með því hvort rautt vatn bærisk í brunn í miðju húsinum þar sem seinni vörn er staðsett, ekkert rautt vatn barst í brunninn. Hinn eftirlitsmaðurinn beið við frárennsli stöðvarinnar og sá þegar rauðlitað vatn barst úr stöðinni, klukkan 8:50, u.þ.b. 20 mínútum eftir að litnum var hellt í niðurfall. Eftirlitsmenn voru afskiptalausir á meðan á þessu stöð og vissu því starfsmenn ekki af þessari rannsókn. Viðhalds- og tæknimaður kom til eftirlitsmanns inni kl 8:50 og gekk með honum út að frárennsli. Hinn eftirlitsmaðurinn staðfesti rauða litinn og myndir voru teknar til staðfestingar.

Óskað var eftir því að starfsmaðurinn myndi setjast niður með eftirlitsmönnum og svara spurningum. Samþykkti hann það og var farið í fundarherbergi. Farið var yfir eftirlitsatriði og spurningar lagðar fram varðandi stroatburðinn þann 23. maí sl. Starfsmaður gat svarað fáum spurningum eftirlitsmanna og kallaði ekki eftir aðstoð stjórnenda þrátt fyrir að eftirlitsmenn hafi bent honum á fjarfundabúnað í fundarherberginu. Í húsum H1 og H3 sáu eftirlitsmenn dauða fiska á gólfum og við niðurfall, m.a. við ker A1 þar sem stroatburður varð.

Þegar gengið var um stöðina með viðhalds- og tæknimanni sinnti hann ekki viðeigandi smitvörnum. Matvælastofnun óskaði eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um sjávarstöðu þann 23. og 24. maí sl. og kom fram í þeim gögnum að þegar atvikið átti sér stað var að fjara út og aðstæður því svipaðar og þegar eftirlitsmenn voru á staðnum.

Viðhalds- og tæknimaður upplýsti eftirlitsmenn að net hefðu verið lögð út um kl. 12:00 þann 24. maí sl., rúnum 14 klst. eftir að stroatburður varð.

Matvælastofnun telur að ekki hafi verið til staðar nægjanlegur mannskapur til þess að sinna fyrsta viðbragði í kjölfar stroatburðar en samkvæmt upplýsingum viðhalds- og tæknimanns voru tveir starfsmenn á svæðinu umrætt kvöld. Matvælastofnun telur að einungis hafi verið sinnt fyrstu viðbrögðum innanhús en ekki gætt að stroki við frárennsli.

Matvælastofnun telur ljóst að fiskeldisstöð sé ekki útbúin með seinni vörnum í frárennsli úr niðurföllum á gólfi og seiði hafi því átt greiða leið úr stöðinni. Ljóst er að töluvert ferskvatn er fyrir utan stöð og líkur á að seiði hafi lifað af og synt upp í Botnsá enda langur tími frá stroatburði þar til net voru lögð.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

## Starfsstöð

Arctic Smolt hf.  
Norður-Botn  
460 Tálknafjörður  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6002122570

## Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

## Tengiliðir

Guðmundur Ólafsson

8480473

gola@afish.is

gæðastjóri

## 2 - Leyfi

---

### 2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

#### 2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 05.06.2024

Frávik

Óskað var eftir framleiðsluskýrslum fyrir maí mánuð en viðgerðar- og tæknimaður kvaðst ekki geta veitt aðgang að þeim upplýsingum. Jafnframt óskaði hann ekki eftir aðstoð yfirmanna sinna þrátt fyrir ábendingar eftirlitsmanna um fjarfundarbúnað á staðnum.

## 4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

### 4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

#### 4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 05.06.2024

Alvarlegt frávik

Fiskeldisstöð er ekki útbúin seinni vörnum í frárennsli á niðurföllum í gólfi. Þegar atburður átti sér stað voru ristar of stórar til þess að varna því að seiði kæmust út um niðurföll og engar aðrar varnir í frárennsli. Eftir atburðinn voru gerðar úrbætur á niðurföllum en ljóst er að þær eru ófullnægjandi, enda lausar og of litlar.

Í vettvangseftirliti vantaði aukaristar í tvö niðurföll.

#### 4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 05.06.2024

Frávik

Óskað var eftir myndum í tölvupósti en þær myndir sem bárust sýna ekki frárennsli úr niðurföllum á gólfi og varnir á þeim.

### 4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

#### 4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 05.06.2024

Alvarlegt frávik

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna stroks.

- Einungis þarf að vera grunur um strok en ekki rökstuddur grunur til þess að bregðast við.
- Niðurföll ættu alltaf að vera lokuð og útbúin vörnum gegn stroki.
- Leggja skal net strax í kjölfar atburðar, sérstaklega þegar engar varnir eru til staðar.
- Uppfæra þarf netfang Matvælastofnunar til þess að tilkynna strok í: fiskeldi@mast.is.
- Rekstrarleyfishafa skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa til þess að varna því að stork valdi vistfræðilegu tjóni.
- Rekstrarleyfishafi skal hefja veiðar á fiski eins fljótt og mögulegt er.
- Ekki liggur fyrir hvenær viðbragðsáætlun var síðast yfirfarin.

Ekki var farið eftir viðbragðsáætlun

- Tilkynna skal án tafar til Fiskistofu, Matvælastofnun, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.
- Ekki var hafist handa við veiðar á fiski eins fljótt og örugglega og hægt var.
- Léttabátur var ekki staðsettur við stöðina eins og viðbragðsáætlun kveður á um.

## 5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

### 5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

#### 5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 05.06.2024

Alvarlegt frávik

---

Óskað var eftir aðgangi að gæðahandbók á staðnum en viðhalds- og tæknimaður kvaðst ekki hafa aðgang að henni. Jafnframt óskaði hann ekki eftir aðstoð yfirmanna sinna þrátt fyrir ábendingar eftirlitsmanna um fjarfundarbúnað á staðnum.

#### 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 05.06.2024

Alvarlegt frávik

---

Óskað var eftir aðgangi að skrá yfir þjálfun starfsfólks á staðnum til þess að staðfesta að starfsmenn hefðu fengið viðeigandi þjálfun í vörnum og viðbragði gegn stroki. Viðhalds- og tæknimaður kvaðst ekki hafa aðgang að þjálfunarskrá. Jafnframt óskaði hann ekki eftir aðstoð yfirmanna sinna þrátt fyrir ábendingar eftirlitsmanna um fjarfundarbúnað á staðnum.

#### 5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 05.06.2024

Alvarlegt frávik

---

Óskað var munnlega við stöðvarstjóra eftir gæðkerfi vegna skráningar eftirlitsmanna á kvöldvakt þann 23. maí sl. Upplýst var í tölvupósti að umbeðnar skráningar væru ekki til vegna bilunar gæðakerfis og því hafi ekki verið hægt að framkvæma skráninguna.

#### 5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 18.01.2024

Alvarlegt frávik

---

Óskað var eftir síðustu sannprófun en viðhalds- og tæknimaður kvaðst ekki hafa aðgang að þeim gögnum. Jafnframt óskaði hann ekki eftir aðstoð yfirmanna sinna þrátt fyrir ábendingar eftirlitsmanna um fjarfundarbúnað á staðnum.

### Viðauki III í reglugerð nr. 540/2020.

#### Á bara við ef hámarkslífmassi í rekstrarleyfi er yfir 20 tonnum

**Verklag er til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega og eigi sjaldnar en árlega, þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók fiskeldisstöðvar.**

**Skipa skal sannprófunarhóp og sá aðili sem framkvæmir sannprófunina skal vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni.**

**Sannprófa skal gæðakerfið í heild sinni að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slysasleppingu eða önnur alvarleg óhöpp og þegar verulegar breytingar eiga sér stað á rekstri fiskeldisstöðvarinnar.**

**Útbúa skal gátlista sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa. Gátlistinn skal að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar þar sem merkt er við hvort viðkomandi atriði eru í lagi eða ekki.**

**Við sannprófun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild**

**sinni og hafa við viðmiðunar eftirfarandi atriði:**

**Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt varðandi:  
viðhald á eldisstöðinni,  
þjálfun starfsmanna,  
verklagsreglur.**

**Hvort viðbragðsætlunum hafi verið framfylgt.**

**Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið í samræmi við innra eftirlit eldisstöðvar.**

**Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.**

**Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila.**

**Úrbætur og skráning: Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar. Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur.**

**Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

---

Vigdís Sigurðardóttir  
vigdis.sigurdardottir@mast.is  
Fagsviðsstjóri fiskeldis  
530-4800

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.